



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Selfossi, 17. ágúst 2009  
0908038HS BÞ

**Mýrdalshreppur**  
**Skipulags- og bygginganefnd**  
**Austurvegi 17**  
**870 Vík**

### Tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 - 2025.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 – 2025 ásamt ítarlegri greinargerð.

Komið er á framfæri eftirfarandi ábendingum;


Í kafla 2.3.1 Landbúnaður/ræktun, grein 6. um byggingaleyfi er rétt að vísa í ákvæði 24. gr. reglugerðar 941/2002 um hollustuhætti, en þar er fjallað um að 500 metrar skuli vera frá loðdýra-, svína- og alifuglahúsum o.fl. í íbúðarhús næstu bæja. Þetta ákvæði gildir jafnframt um aðra mengandi starfsemi t.d. iðnaðarstarfsemi.

Í kafla 2.4.4 um fráveitur er rétt að vísa til ákvæða reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveita nr. 9/2009. Fella þarf út markmiðssetningu um að úrbótum skuli lokið fyrir 2008.

Laga þarf orðalag í kafla 5.7.1 Vatnsveitur þannig að skýrt sé að sveitarstjórnnum ber að setja vatnsveitur inn á skipulagsuppdrátt ásamt vatnsverndarsvæði. Aðkoma heilbrigðisnefndar varðandi ofanefnt er í gegnum umsögn um skiplag. Bent er á mikilvægi þess að hnitsetja öll vatnsból á skipulagssvæðinu. Jafnframt er bent á að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur skoðað flest vatnsból í sveitarfélaginu og á yfirlit, sýnatöku niðurstöður, ásamt hnitsetningu yfir starfsleyfissskyld vatnsból í Mýrdalshreppi.

Að lokum er rétt að benda á að æskilegt er að fjallað sé um neysluvatnsmál og nýtjar þess í aðalkafla um markmiðssetningu aðalskipulagsins.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Björgir Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi

